

# AÐALFUNDUR EIMSKIPAFÉLAGS ÍSLANDS HF.

Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf. verður haldinn fimmtudaginn 22. mars 2018 kl. 16:00 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2, 104 Reykjavík.

## DRÖG AÐ DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári
2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2017
4. Tillaga um starfskjarrastefnu félagsins
5. Kosning stjórnar félagsins
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefndra stjórnar
7. Kosning endurskoðenda
8. Önnur mál, löglega upp borin

## REGLUR UM PÁTTTÖKU OG ATKVÆÐAGREIÐSLU Á FUNDINUM

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá, leggja fram ályktunartillögur og sprayja spurninga, með skriflegum eða rafrænum hætti. Kröfú þar um skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, fyrir kl. 16:00 þann 12. mars 2018. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: [www.eimskip.is/investors/agm](http://www.eimskip.is/investors/agm)

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félagini að frádregnum eigin hlutum sem eru án atkvæðisréttar. Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað. Hluthöfum sem ekki sækja aðalfund stendur til boda að kjósa um dagskrármál með skriflegum hætti eða veita umboð. EKKI verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund þarf beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum hætti að berast félagini. Hluthafar geta fengið atkvæðaseðla senda til sín, en einnig má nálgast þá í höfuðstöðvum félagsins þar sem greiða má atkvæði alla virka daga milli kl. 9:00 og 16:30. Atkvæðin skulu berast félagini fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta veitt skrifleg umboð að uppfylltum ákvæðnum skilyrðum. Slík umboð skulu berast félagini áður en aðalfundur hefst eða við skráningu á fundarstað. Nánari upplýsingar um atkvæðareglur og notkun umboða er að finna á vefsíðu félagsins: [www.eimskip.is/investors/agm](http://www.eimskip.is/investors/agm)

## AÐRAR UPPLÝSINGAR

Skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund er að finna á vefsíðu félagsins: [www.eimskip.is/investors/agm](http://www.eimskip.is/investors/agm)

Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölín í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2, 104 Reykjavík, virka daga milli kl. 9:00 og 16:30.

Endanleg dagskrá og tillögur stjórnar verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn. Berist tillögur frá hluthöfum verða þær birtar a.m.k. þremur dögum fyrir fundinn ásamt uppfærðri dagskrá. Samkvæmt 63. gr. a. hlutafelagalaga nr. 2/1995 má tilkynna um frambod til stjórnar skriflega minnst fimm dögum fyrir aðalfund. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á aðalfundardegi.

Reykjavík, 1. mars 2018

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf.